

AUGLÝSING

um húsnæðisgjald, sbr. lög nr. 48/1985.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, skal á tímabilinu 1. júlí 1985 til 31. desember 1986 leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Af þessum sökum hækkar sölugjald úr 24% í 25% hinn 1. júlí n. k.

2. gr.

Hafi fyrir gildistöku laga nr. 48/1985 verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar húsnæðisgjaldi, nema sannað sé að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

3. gr.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög nr. 48/1985 ganga í gildi afhent til tollmeðferðar skjöl sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki innheimta af henni húsnæðisgjald við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 7. júlí 1985.

4. gr.

Af vörum, söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. júlí 1985 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða húsnæðisgjald nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 15. ágúst 1985.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.